

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um útgjöld og notkun á almennum og sérsmíðuðum hugbúnaði hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hver hafa verið útgjöld ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna hugbúnaðarkaupa frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsmíðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar?
2. Hve háum fjárhæðum vörðu ráðuneytið og undirstofnanir þess til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?
3. Hvaða sérsmíðaða hugbúnað er ráðuneytið og hver undirstofnun þess að nota og:
  - a. hver er eigandi hugbúnaðarins,
  - b. eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,
  - c. var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,
  - d. hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,
  - e. hver er tilgangur hugbúnaðarins?

Skriflegt svar óskast.